Nd. **160. Nefndarálit**

um frv. til laga um afnám laga nr. 16, 16. sept. 1915.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Þó að nefndin líti svo á, að það hafi verið tilætlun háttv. neðri deildar að svæfa þetta mál í nefnd, þar sem því var vísað til nefndar tveim dögum

fyrir þingslit, þá ætlar nefndin samt að verða við þeim tilmælum flutningsmanns frumvarpsins að skrifa nefndarálit um málið. Verður það í stuttu máli þannig, að nefndin er sammála um, að frumvarpið eigi ekki að ganga fram á þessu þingi. Álítur hún það óhæfilega óvarkárni af þinginu að kippa alt í einu burt tekjunum, sem landssjóður missir við afnám laga um verðhækkunartoll, án þess að hugsa nokkuð fyrir því að útvega landssjóði tekjur í skarðið. Þetta gæti komið til mála á þingi í sumar, þegar fjárlög verða samþykt og fjárhagur landsins verður rækilega athugaður. En fyr er ekki kominn tími til þess. Verðhækkunartollurinn er ekki heldur svo þungbær, að gerandi sje mikið veður út af honum. Og ekki hefir brytt á mikilli óánægju í landinu út af þessum lögum. Þó veita þau landssjóði drjúgar tekjur. Má það gott heita um nýjan toll, hvað hann hefir valdið lítilli óánægju. Allir skynsamir menn í landinu hafa sjeð, að á þessum styrjaldartímum var nauðsynlegt að hafa fjárhag landsins í góðu lagi. Það hefði mátt telja mjög ógætilegt, ef þingið 1915 hefði í raun og veru skilið við fjárlög með tekjuhalla. Og nú kemur það sjer vel að hafa peninga handbæra. Að svo mæltu leggur nefndin til að frumvarpið sje felt.

Alþingi, 12. janúar 1917.

Stefán Stefánsson, formaður.	Jón Jónsson, skrifari.
Einar Árnason.	Einar Jónsson.

Samþykkur niðurstöðuatriði nefndarálitsins.

Pjetur Þórðarson.